

Súðavíkurbreppi  
Árni Traustason,  
byggingar- og skipulagsfulltrúi  
Grundarstræti 34  
420 Súðavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. september 2013  
Tilvísun: UST20130600023/ksj

## Framkvæmd á sjópottum úr steinsteypu og flögugrjóti í fjöru Hveravíkur, Reykjanesi

Vísað er til erindis byggingar- og skipulagsfulltrúa Súðavíkurbrepps er barst 3. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um uppbyggingu á sjópotti/sjópottum í Hveravík á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Umhverfisstofnun barst fyrirspurn frá sviðsstjóra framkvæmda- og rekstrarsviðs Ísafjarðarbæjar varðandi sjópotta í Hveravík þann 18. júní 2012 og er umsögn stofnunarinnar dags. 10. júlí 2012 og er send sem fylgiskjal.

### Náttúruminjar

Sjópottur eða nánar tiltekið 3 sjópottar eru áætlaðir í fjöru Hveravíkur á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Eins og bent er á í ofangreindu erindi er allt Reykjanes við Ísafjörð, norðan Rauðagarðs á svæði nr. 321 á náttúruminjaskrá og þar segir: *Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.* Samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar ef hætta er á röskun á öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá.

### Skipulag við vötn, ár og sjó

Í umsögn stofnunarinnar frá 10. júlí 2012 var bent á að skv. þáverandi skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skuli þess gætt að ekki sé byggt nær ám sjó eða vötnum en 50 m þegar skipulagt er utan þéttbýlis. Nú hefur ný skipulagsreglugerð tekið gildi þ.e. skipulagsreglugerð nr. 90/2013, og þar segir í gr. 5.3.2.14.

*Skipulag við vötn, ár og sjó.*

*Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna*

og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. reglugerðinni á ekki að gera ráð fyrir hlöðnum/steypum pottum nær sjó en 50 m.

### **Fjarlægð frá sjó**

Í ofangreindu erindi til Umhverfisstofnunar dags. 18. júní 2012 var stofnunin m.a. sérstakleg spurð áhlits á staðsetningu hinna heitu potta skv. innsendum hugmyndateikningum. Í umsögn stofnunarinnar ( sjá hjálagað bréf dags. 10. júlí 2012) var bent á að nánari upplýsingar skorti um áætlaðar framkvæmdir t.d. var bent á að upplýsingar skorti um fjarlægð sjópotta frá fjöru, til þess að hægt væri að gefa umsögn um staðsetninguna. Umhverfisstofnun bendir á að enn skortir upplýsingar um fjarlægð áætlaðra sjópotta frá sjó.

### **Afturkræfar framkvæmdir**

Umhverfisstofnun bendir á að þótt flögugrjót sé notað í að hlaða ofangreinda sjópotta að hluta, þá er stór hluti pottanna steypdir á staðnum skv. myndum er borist hafa af framkvæmdastað. Þar af leiðandi er ekki hægt að tala um afturkræfar framkvæmdir, þar sem rask og steypa verður eftir þó flögugrjót verði fjarlægð.


### **Hollustuvernd**


Í umsögn dags. 10. júlí 2012 benti Umhverfisstofnun á að í greinargerð um áætlaðar framkvæmdir þyrfti að koma fram hvaða hreinsitæki/hreinsiefni stæði til að nota í almennings-sjópottum til að tryggja örugga heilsuvernd. Einnig var beðið um upplýsingar um meðhöndlun fráveitu og hvert frárennsli yrði leitt og hversu heitt það kæmi til með að vera. Ofangreindar upplýsingar koma ekki fram í erindi skipulags- og byggingarfulltrúa Súðavíkurrepps. Umhverfisstofnun bendir á að sækja þarf um rekstrarleyfi sjópotta til viðkomandi heilbrigðiseftirlits, og ef sleppa á klórur pottanna þarf að sækja um undanþágu til Umhverfisráðuneytisins.

### **Niðurstaða**

Skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd átti að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdir við sjópotta í Hveravík hófust. Að mati Umhverfisstofnunar skortir upplýsingar um staðsetningu sjópottanna, m.a. fjarlægð frá sjó. Einnig skortir upplýsingar um hvaða hreinsiefni/hreinsitæki verði notuð við rekstur pottanna. Einnig skortir allar upplýsingar um fráveitu frá pottunum, bæði hita frárennslisvatnsins og meðhöndlun.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Sviðsstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs Ísafjarðarbæ